

Skaftárhreppur
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 8. nóvember 2019
UST201904-141/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. október sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna fráviks sem skráð var í eftirliti á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi þann 10. september 2019. Þann 5. nóvember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:


1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka við tímri til kurlunar og geymslu. Stór ókurlaður timburhaugur er til geymslu á urðunarstaðnum og er það ekki í samræmi við starfsleyfi. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hyggst rekstraraðili sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar Suðurlands til að endurnýta timburhauginn við gerð jarðvegsmanar á urðunarstaðnum. Verði umsóknin samþykkt verði tímrið brotið niður með stórri vél og blandað jarðvegi. Mönin muni nýtast sem skjól á urðunarstaðnum til að hefta fok úrgangs frá svæðinu. Rekstraraðili hyggst sækja um starfsleyfi í nóvember 2019. Verði umsóknin samþykkt, sé stefnt að því að framkvæmdir hefjist í desember/janúar 2020. Áætluð verklok verði í janúar/febrúar 2020.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila. Stofnunin óskar þess að fá upplýsingar um hvort fallist verði á umsóknina þegar niðurstaða liggur fyrir.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur


Frigg Thórlácius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands